



MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 16. nóvember 2018.

Umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um um breytingu á lögum um umboðsmann Alþingis, nr. 85/1997, með síðari breytingum (OPCAT-efirlit), Þingskjal 250-235. mál.

Mannréttindaskrifstofu Íslands (MRSÍ) hefur borist ofangreint frumvarp til umsagnar.

MRSÍ fagnar frumvarpinu enda er löngu orðið tímabært að að tekið verði upp efirlit í samræmi við valfrjálsu bókunina við samning S.þ. gegn pyndingum og annarri grimmilegri, ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu.

MRSÍ styður og heils hugar að umboðsmanni Alþingis verði falið eftirlitshlutverk þetta, einkum í ljósi þess að embættið er sjálfstætt og óháð utanaðkomandi valdi, þ.e. óháð yfirstjórn þeirrar stofnunar sem það heimsækir hverju sinni sem og ríkisstjórn. Enn fremur skal á það bent að innan dyra embættisins er að finna þá fagmennsku og þekkingu sem einna best verður á kosið til framfylgja eftirlitshlutverki þessu.

MRSÍ væntir þess að tryggt verði að umboðsmaður Alþingis fái fjármagn til þess að sinna verkefninu sem skyldi.

f.h. Mannréttindaskrifstofu Íslands

Margrét Steinarsdóttir
framkvæmdastjóri